

Alþingi  
Nefndasvið

Reykjavík, 6. febrúar 2026

**Efni: Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (öryggisráðstafanir), 313. mál**

Allir einstaklingar eiga rétt til persónufrelsis og mannhelgi og eru fáar takmarkanir á mannréttindum jafn íþyngjandi og frelsissvipting. Er því sérstaklega brýnt að lagaákvæði sem heimila frelsissviptingu séu skýr og þess gætt að ekki sé gengið lengra en brýna nauðsyn ber til. Mannréttindastofnun Íslands fagnar því að stefnt sé að endurskoðun ákvæða almennra hegningarlaga um öryggisráðstafanir, enda ljóst að núgildandi ákvæði eru komin vel til ára sinna og taka því ekki mið af alþjóðlegum mannréttindaskuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist.

Mannréttindastofnun tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu um nauðsyn þess að tryggja að frumvarpið sé í samræmi við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og alþjóðlega mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að. Þá fagnar stofnunin því að við samningu frumvarpsins hafi sérstaklega verið hugað að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

**Um 1. gr.**

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 62. gr. almennra hegningarlaga. Er þar m.a. lagt til að skilyrði núgildandi ákvæðis, um að einungis skuli grípa til öryggisráðstafana ef það er talið nauðsynlegt vegna réttaröryggis, verði fellt brott. Samkvæmt athugasemdum með ákvæðinu helgast það af því að síðar í ákvæðinu sé að finna ítarlegri umfjöllun um skilyrði öryggisráðstafana. Mannréttindastofnun myndi þó telja heppilegra að halda því orðalagi inni í ákvæðinu, til að árétta strax í upphafi að takmarkanir á frelsi einstaklings komi ekki til greina nema brýna nauðsyn beri til. Þá telur stofnunin jákvætt að stefnt sé að því árétta í ákvæðinu að öryggisráðstafanir skuli aldrei vara lengur en nauðsyn krefur.

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er tekið fram að öryggisgæslu skuli aðeins beitt ef vægari öryggisráðstafanir teljast ekki fullnægjandi og *að jafnaði* aðeins í þeim tilvikum þegar ætla má að lífi, heilsu eða frelsi annarra sé hættu búin og að slík ráðstöfun teljist nauðsynleg til að fyrirbyggja þá hættu. Mannréttindastofnun leggur til að orðalagið „að jafnaði“ verði fellt brott

til að uppfylla þær skýrleikakröfur sem gera verður til lagaákvæða sem heimila frelsissviptingu.

Sömuleiðis telur stofnunin 4. mgr. 1. gr. ófullnægjandi m.t.t. skýrleikakrafna. Í ákvæðinu er vísað til þess að líta skuli til hættu á því að maður fremji afbrot að nýju. Mætti skilja ákvæðið svo að heimilt sé að beita öryggisráðstöfunum án tillits til alvarleika þess brots sem talin er hætta á að viðkomandi fremji að nýju. Væri því rétt að mati stofnunarinnar að tiltaka nánar hvers kyns afbrot komi til skoðunar í þessu sambandi, með sambærilegum hætti og gert er í 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. og 6. mgr. 4. gr. þarf öryggisráðstöfun eða áframhaldandi vistun að styðjast við nýlegt og óháð sérfræðimat. Í athugasemdum með umræddum greinum kemur fram að með óháðu sérfræðimati sé einkum átt við að matið sé framkvæmt af öðrum en þeim sem annast hafa vistun viðkomandi þegar það á við. Líkt og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu hefur Mannréttindadómstóll Evrópu talið að sérfræðimat geti ekki talist óháð ef um er að ræða mat sérfræðings sem starfar á þeirri stofnun sem viðkomandi einstaklingur dvelur. Í samræmi við það þarf að mati stofnunarinnar að skýra betur í ákvæðunum sjálfum hvenær sérfræðimat getur talist óháð, enda er ljóst að sú skýring sem gefin er í athugasemdum við greinarnar fullnægir ekki þessum kröfum.

#### **Um 4. gr**

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er einungis heimilt að úrskurða einstakling til að sæta öryggisráðstöfun fyrir lok afplánunar ef kveðið er á um það í upphaflegum refsídómi. Er slík krafa í samræmi við þær kröfur sem gera verður til fyrirsjáanleika og orsakatengsla, líkt og fjallað er um í athugasemdum með frumvarpinu. Þó er heimilt að úrskurða einstakling til að sæta öryggisráðstöfun, án þess að hennar hafi verið getið í refsídómi, ef hún byggist á „andlegri vanheilsu hans í skilningi e-liðar 5. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu eða á öðrum ástæðum sem þar greinir“. Líkt og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu hefur Mannréttindadómstóll Evrópu komist að þeirri niðurstöðu að slík frelsissvipting brjóti ekki gegn Mannréttinasáttmála Evrópu, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hins vegar hefur nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) bent á að frelsissvipting á grundvelli fötlunar, þar á meðal „andlegrar vanheilsu“, brjóti gegn samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem nýlega var lögfestur hér á landi, sbr. lög nr. 80/2025. Í ljósi þess veltir Mannréttindastofnun fyrir sér hvort ekki sé réttara að gera ávallt þá kröfu að kveðið sé á um möguleika á áframhaldandi öryggisráðstöfun í upphaflegum refsídómi.

Ef ekki verða lagðar til breytingar að þessu leyti þarf a.m.k. að mati stofnunarinnar að skýra ákvæðið og umorða það. Ljóst er að íslensk þýðing á Mannréttinasáttmála Evrópu er komin

til ára sinna og sú hugtakanotkun sem þar er að finna ekki í samræmi við þá hugmyndafræði sem SRFF byggir á. Væri því heppilegra að nota annað hugtak, svo sem tilvísun í að ástand einstaklings sé þannig háttað að hann sé talinn stefna lífi og heilsu annarra í verulega hættu. Þá færi best á því að áréttta í ákvæðinu sjálfu það skilyrði, sem fjallað er um í athugasemdum með frumvarpinu, að vistunarstaður þurfi að samrýmast þeirri forsendu sem frelsissviptingin styðst við, til að mynda að viðkomandi njóti tilhlýðilegrar lækni meðferðar eða einstaklingsmiðaðra úrræða. Í því sambandi má benda á að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur skýrt dómaframkvæmd sína og áréttað að frelsissvipting á grundvelli e-liðar 5. gr. Mannréttindasáttmálans þurfi að hafa það að markmiði að tryggja viðkomandi einstaklingi raunverulega og viðeigandi meðferð sem taki mið af því að veita megi honum frelsi að nýju, sbr. dóm yfirdeildar í máli Rooman gegn Belgíu, frá 31. janúar 2019 (nr. 18052/11).

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að dómari úrskurði um áframhaldandi vistun í sérstöku máli, sem *að jafnaði* sé borið undir dómara eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok afplánunar. Að mati Mannréttindastofnunar mætti fella brott orðalagið „að jafnaði“, enda þurfa tímafrestir sem lúta að áframhaldandi vistun að vera skýrir og mögulegar undanþágur, ef einhverjar eru, sérstaklega tilgreindar í lögum.

#### **Kæruheimildir 8. mgr. 1. gr. og 7. mgr. 4. gr.**

Í 8. mgr. 1. gr kemur fram að úrskurðir dómara um framlengingu, endurskoðun eða niðurfellingu öryggisráðstafana sæti kæru til Landsréttar og að aðrir úrskurðir Landsréttar en mælt er fyrir um í 1. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, verði ekki kærðir til Hæstaréttar. Mannréttindastofnun telur mikilvægt í þágu réttaröryggis að unnt sé að kæra framlengingu á öryggisvistun eða fangelsisvist til Hæstaréttar. Það sé og þeim mun mikilvægara ef heimild til að úrskurða mann til að sæta öryggisráðstöfun án þess að hennar hafi verið getið í refsidómi verður lögfest óbreytt, sbr. 2. másl. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,  
framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Íslands